Nr. 1205 2. nóvember 2022

# GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurnesjasvæði.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurnesjasvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald kr. 20.691. Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 39.019.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi sem hér segir:

*Endurnýjun starfsleyfis:* Starfsleyfisgjald að lágmarki hálft tímagjald og auglýsingakostnaður ef við á.

*Ný starfsemi:* Starfsleyfisgjald eitt tímagjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á. Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun: Starfsleyfisgjald tvö tímagjöld og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald. Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist skv. reikningi. Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja innheimtir öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sbr. fylgiskjal sem birt er með gjaldskrá þessari. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 15. nóvember og eindagi 25. nóvember ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1188/2021.

*F.h. heilbrigðisnefndar Suðurnesja, 2. nóvember 2022,*

**Magnús H. Guðjónsson,**
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

**Fylgiskjal.**

| **Heiti** | **Gjald kr.** |
|---|---|
| Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru | 41.382 |
| Alifuglarækt < 40.000 stæði | 82.763 |
| Alifuglarækt > 40.000 stæði | 124.145 |
| Alþjóðaflugvöllur > 3 miljónir farþega | 11.086.410 |
| Apótek | 46.554 |
| Áfengisverslun | 20.691 |
| Baðhús | 33.624 |
| Bakarí, miðlungs | 120.007 |
| Bakarí, stórt | 194.494 |
| Barir | 51.727 |
| Bensínstöðvar með matvöru | 126.214 |
| Bensínstöðvar með veitingasölu | 240.018 |
| Bensínstöðvar, sjálfvirkar | 41.382 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði | 37.555 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt | 44.485 |
| Bifreiðaréttingar og sprautun | 69.314 |
| Bílaleigur með verkstæði og þvottaaðstöðu < 500 bílar | 43.452 |
| Bílaleigur með verkstæði og þvottaaðstöðu > 500 bílar | 72.420 |
| Bílapartasölur og niðurrif bifreiða | 72.420 |
| Blikksmíði | 20.484 |
| Bón- og bílaþvottur | 23.898 |
| Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk | 36.209 |
| Brauðbúð | 57.934 |
| Brauðstofur | 105.523 |
| Dagmömmur með > 6 börn | 23.277 |
| Deildaskipt sjúkrahús | 320.295 |
| Dísilrafstöð-varaafl 20-50 MW | 124.145 |
| Dísilrafstöð-varaafl 1-20 MW | 62.073 |
| Dreifikerfi neysluvatns < 500 notendur | 327.224 |
| Dreifikerfi neysluvatns 10.001 – 50.000 notendur | 1.331.948 |
| Dreifikerfi neysluvatns 500 – 5.000 notendur | 406.731 |
| Dreifikerfi neysluvatns 5.001 – 10.000 notendur | 1.194.200 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mötuneytis | 25.864 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi | 160.354 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi | 264.843 |
| Dýralæknastofur | 23.277 |
| Eldsneytisafgreiðsla á alþjóðlegum flugvelli | 206.909 |
| Eldsneytisbirgðastöð | 455.199 |
| Endurhæfing án mötuneytis | 46.555 |

| | |
|---|---|
| Endurhæfing með litlu mötuneyti | 74.487 |
| Fangelsi, lítið | 18.105 |
| Fangelsi, miðlungs | 69.314 |
| Fangelsi, stórt | 133.870 |
| Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun | 43.968 |
| Félagsaðstaða með fullbúnu eldhúsi (ekki samfelld starfsemi) | 107.386 |
| Félagsaðstaða með fullbúnu eldhúsi (samfelld starfsemi) | 182.493 |
| Félagsaðstaða með móttökueldhúsi | 54.831 |
| Félagsmiðstöðvar án eldhúss | 24.312 |
| Fiskbúðir með dreifingu til stóreldhúsa | 188.701 |
| Fiskbúðir, litlar | 46.554 |
| Fiskbúðir, miðlungs | 114.834 |
| Fiskmarkaðir | 42.934 |
| Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla | 105.937 |
| Flugvélaverkstæði, stórt | 248.296 |
| Fótaaðgerðarstofur | 23.277 |
| Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 41.382 |
| Framleiðsla á iðnaðargasi | 124.559 |
| Framleiðsla á plast- og frauðefni | 36.209 |
| Framleiðsla á saltpækli til matvælaframleiðslu | 41.382 |
| Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli | 82.763 |
| Framleiðsla annarra matvara | 82.763 |
| Fráveitur < 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar | 767.462 |
| Fráveitur > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar | 1.188.439 |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis | 115.869 |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi | 343.468 |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi | 160.354 |
| Fræðslustarfsemi á framhalds- og/eða háskólastigi < 500 nemendur | 77.591 |
| Fræðslustarfsemi á framhalds- og/eða háskólastigi > 500 nemendur | 103.454 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – bóknám án mötuneytis | 77.590 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám án mötuneytis | 96.212 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi | 502.788 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám með móttökueldhúsi | 277.258 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – verknám í matvælavinnslu | 153.112 |
| Garðaúðun | 25.864 |
| Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni | 62.590 |
| Gámastöð | 32.071 |
| Gistiskáli | 36.209 |
| Grasalækningar | 28.450 |
| Grunnskólar með mötuneyti og leiksvæðum | 320.708 |
| Harðfiskverkun | 20.691 |
| Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 37.244 |
| Hárgreiðslustofur | 24.829 |
| Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak | 45.520 |
| Heilsugæslustöðvar | 46.554 |
| Heimagisting | 31.036 |
| Heimili fyrir börn og unglinga | 21.208 |
| Heitloftsþurrkun fiskafurða | 347.606 |
| Hjólbarðaverkstæði | 23.898 |
| Hótel með veitingasölu, lítið (17-50 gestir) | 148.974 |
| Hótel með veitingasölu, miðlungs (51-100 gestir) | 200.701 |
| Hótel með veitingasölu, stórt (> 100 gestir) | 250.359 |

| | |
|---|---|
| Hótel og gistiheimili með morgunverðaraðstöðu | 62.073 |
| Hunda- og kattahótel | 28.450 |
| Húðflúrstofur | 59.486 |
| Húðgötun | 15.518 |
| Húsdýragarðar | 33.623 |
| Ísstöðvar | 38.382 |
| Íþróttahús | 63.108 |
| Íþróttahús, lítil | 38.796 |
| Íþróttavellir | 34.140 |
| Jarðborun | 82.763 |
| Jarðvarmavirkjun | 341.399 |
| Jarðvegstippir | 57.355 |
| Járnsmíði | 23.898 |
| Kappaksturs- og æfingabraut | 34.657 |
| Kirkjur | 23.277 |
| Krár, kaffihús með matsölu (lítil starfsemi < 50 gestir) | 51.727 |
| Kvikmyndahús | 56.900 |
| Læknastofur | 23.277 |
| Leikhús | 38.278 |
| Leikskólar með mötuneyti og útileiksvæði | 204.840 |
| Líkamsræktarstöðvar, litlar | 33.623 |
| Líkamsræktarstöðvar, miðlungs | 42.934 |
| Líkamsræktarstöðvar, stórar | 73.970 |
| Malar- og sandnám; vikurnám | 33.623 |
| Matsölustaðir, litlir (17-50 gestir) | 82.763 |
| Matsölustaðir, miðlungs (51-100 gestir) eða litlir með útseldan mat | 159.320 |
| Matsölustaðir, stórir (> 100 gestir) eða miðlungs með útseldan mat | 273.533 |
| Matsöluvagnar | 62.073 |
| Matvöruverslun án vinnslu, lítil | 82.763 |
| Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 143.181 |
| Matvöruverslun án vinnslu, stór | 193.666 |
| Matvöruverslun með vinnslu, lítil | 114.214 |
| Matvöruverslun með vinnslu, stór (t.d. kjötsögun, grillun á kjúklingum) | 318.642 |
| Málmsmíði og sandblástur | 42.934 |
| Meðferð og húðun málma | 43.968 |
| Meindýraeyðir | 24.570 |
| Mjölvinnsla úr sjávarafurðum | 186.218 |
| Mörbræðsla og tólgarframleiðsla | 93.109 |
| Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 36.209 |
| Móttaka brotamálms | 222.013 |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið allt að 50 gestir | 62.073 |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs (51-100 gestir) | 136.767 |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (> 100 gestir) | 256.980 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið (allt að 50 gestir) | 43.451 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs (51-100 gestir) | 57.210 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt 100 gestir) | 126.214 |
| Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu | 47.899 |
| Niðurrif húsnæðis og meðhöndlun asbests | 82.763 |
| Niðursuðuverksmiðjur | 62.073 |
| Nuddstofur | 18.622 |
| Opin leiksvæði sveitarfélaganna | 24.829 |
| Ryðvarnarverkstæði | 36.209 |

| | |
|---|---|
| Sala á tilbúnum mat, lítil | 72.418 |
| Sala á tilbúnum mat, miðlungs | 136.767 |
| Sala á tilbúnum mat, stór | 342.641 |
| Saltfiskverkun | 28.967 |
| Saltvinnsla | 86.074 |
| Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 20.691 |
| Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi | 69.107 |
| Samkomusalir með móttökueldhúsi | 34.399 |
| Sjúkraþjálfun | 22.812 |
| Skemmtistaðir án matsölu | 46.192 |
| Skólphreinsistöðvar < 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar | 205.253 |
| Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar | 455.204 |
| Skotvellir | 15.518 |
| Skyndibitastaðir, litlir ( allt að 50 gestir) | 90.005 |
| Skyndibitastaðir, miðlungs (51-100 gestir) | 125.180 |
| Skyndibitastaðir, stórir (> 100 gestir) | 153.112 |
| Smurstöðvar | 60.086 |
| Snyrtistofur | 24.674 |
| Snyrtivöruframleiðsla | 44.485 |
| Sorpflutningar og sorphirða | 57.314 |
| Sólbaðstofur | 31.243 |
| Spennistöðvar með meira en 2.000 lítra af olíu | 45.007 |
| Stálsmíði og stálskipagerð | 94.143 |
| Steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur | 79.763 |
| Stórmarkaðir > 400 m$^2$, án matvælavinnslu | 205.253 |
| Stórmarkaðir > 400 m$^2$, með matvælavinnslu | 307.466 |
| Sundstaðir, litlir | 199.821 |
| Sundstaðir, miðlungs (eða litlir, samtengdir íþróttahúsum) | 368.606 |
| Sundstaðir, stórir (eða miðlungs, tengdir íþróttahúsum) | 570.616 |
| Svínarækt < 2.000 stæði alisvín (léttari en 30 kg) | 71.383 |
| Söfn | 41.382 |
| Söluturnar án óvarinna matvæla | 36.209 |
| Söluturnar með óvarin matvæli, litlir | 51.727 |
| Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs | 91.247 |
| Söluturnar með óvarin matvæli, stórir | 136.973 |
| Tannlæknastofur | 36.985 |
| Te- og kaffiframleiðsla | 51.727 |
| Tjaldsvæði | 31.037 |
| Tónlistarskólar | 23.019 |
| Trésmíðaverkstæði | 24.570 |
| Vatnsafgreiðsla flugvéla | 126.248 |
| Vatnsból < 1.000 íbúa | 420.333 |
| Vatnsból > 1.000 íbúa | 792.771 |
| Vatnsból, einka | 132.129 |
| Veiðarfæragerð, netaverkstæði | 24.053 |
| Verkstæðisaðstaða hjá aðilum með ólíka starfsemi | 37.245 |
| Véla- og tækjasölur | 74.487 |
| Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 25.864 |
| Viðhald og niðurrif skipa | 133.870 |
| Vinnsla á ferskum fiski, lítil | 51.727 |
| Vinnsla á ferskum fiski, stór | 68.383 |
| Vinnsla á meltu úr sjávarfangi (meira en 1.000 tonna ársframleiðsla) | 434.508 |

| | |
|---|---|
| Vinnsla á meltu úr sjávarfangi (minna en 1.000 tonna ársframleiðsla) | 155.181 |
| Vinnsla með plast- og frauðefni | 20.691 |
| Vistheimili | 21.725 |
| Vörugeymslur, stórar | 69.004 |
| Yogastofur, heilun o.fl. | 12.932 |
| Þvottahús og efnalaugar | 28.967 |
| Æfingasvæði slökkviliðs | 64.142 |
| Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla | 18.105 |
| Önnur ótalin fiskvinnsla | 51.727 |

B-deild – Útgáfudagur: 4. nóvember 2022